

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

	kr.
Kettir	1.550
Hundar að 20 kg þyngd	1.700
Hundar 20 kg og yfir	1.750

Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á ofangreindar fjárhæðir.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey, nr. 364/2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um fráveitu í Ólafsfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ólafsfjarðarbær starfrækir fráveitu, bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild bæjarins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsivatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufræræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.